

## 53. fundur fagráðs um siglingar

Dags. og staður: 17. febrúar 2026, kl. 11, Samgöngustofu.

Viðstaddir: Páll Ægir Pétursson, formaður, Katrín Pálsdóttir (IRN), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Stefán Guðmundsson (Samtök ferðapjónustunnar), Halldór Arnar Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmþæknimanna), Gísli Jóhann Hallsson (Samband íslenskra sveitarfélaga), Bogi Þorsteinsson (Slysavarnaskóli sjómanna), Ásgrímur Lárus Ásgrímsson (LHG), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa).

Aðrir gestir: Þorsteinn Þorkelsson (SGS), Reynir Smári Atlason (Bauja), James Robb (Bauja), Björn Jónsson (Hefring Marine) og Eypór Þórðarson.

Dagskrá:

- Bauja: valkvætt vöktunarkerfi fyrir skemmtibáta og aðra báta sem ekki eru skráningarskyldir
- Hefring Marine: RIB bátar
- Landhelgisgæslan: upplýsingar um uppfærslu, endurnýjanir á fjarskiptakerfi vaktstöðvar siglinga
- Samgöngustofa: notkun og niðurstöður úr Atvik sjómenn árið 2025

### Kynning frá Bauju, arctic applications:

Reynir Smári og James Robb kynna appið. Hugmyndin á bak við það er að hægt sé að fylgjast með staðsetningu báta í gegnum app í síma.

Mikið af bátum sem sigla við Íslandsstrendur sem eru skráðir í öðrum löndum. En nú stendur þeim til boða þessi lausn sem sett er upp í símanum og þá getur almenningur fylgst með staðsetningu þeirra og það er auðvelt að hringja á LHG ef eitthvað kemur upp.

Stærstur hluti skemmtisiglinga er innan GSM sambands. Appið er gjaldfrjálst.

### Hefring Marine og RIB Safari í Vestmannaeyjum

Björn kynnir Hefring Marine sem er lausn með rauntímaleiðsögn fyrir skipstjóra til að sigla með betri nýtingu á eldsneyti og á öruggeri hátt.

Eypór kynnir RIB Safari og starfsemi félagsins. Félagið hefur sóst eftir því að fá að hafa fleiri farþega um borð í bátunum sínum, en hámarksfjöldi er nú 12 farþegar. Samgöngustofa hefur ekki leyft að fleiri sæti séu sett í bátana, en þeir eru hannaðir fyrir 20 manns.

Samgöngustofa nefnir að stofnunin muni gera ráðinu grein fyrir niðurstöðu sinni.

### Upplýsingar um uppfærslu, endurnýjanir á fjarskiptakerfi vaktstöðvar siglinga

Ásgrímur frá Landhelgisgæslunni kynnir þörfina fyrir og fyrirhugar uppfærslur og endurnýjanir á fjarskiptakerfi vaktstöðvar siglinga

### Atvik sjómenn – notkun og niðurstöður 2025

Þorsteinn frá Samgöngustofu fer yfir niðurstöður ársins 2025. Áskorunin er að fá sjómenn til að tilkynna um öll atvik í gegnum kerfið til að fá betri mynd af því hvar og hvernig slysin eru helst að verða. Markmiðið er að efla forvarnir þar sem þörfin er mest.

## Önnur mál

- Styrkir til hugvitsmanna: auglýsingaferlið er farið af stað. Notumst við sömu nefnd og síðast til að kynna niðurstöðu til samþykktar fyrir ráðið.

Næsti fundur áætlaður 31. mars 2026 kl. 11 hjá innviðaráðuneyti, (seinna ákveðið að fundurinn verði haldinn hjá RNSA, Vesturvör 2).

Fundi slitið 13:00.